

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir Máka ehf. í Fljótum, Skagafirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Máka ehf. í Fljótum, Skagafirði, kt. 541092-2189. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2003.

*Reykjavík, 13. október 1999.*

*Hollustuvernd ríkisins,*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

---

*Davíð Egilsson*  
forstöðumaður.

## SKIPULAGSSKRÁ

### Þórdísarsjóðs.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Þórdísarsjóður og er stofnaður með dánargjöf Þórdísar Briem, bóka-  
varðar og lækna ritara.

#### 2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Lögheimili sjóðsins skal ávallt vera  
sama og lögheimili Geðlæknafélags Íslands.

#### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.300.000 og skal það haldast óskert að raungildi sbr. einnig 6.  
gr. samþykkt þessara.

#### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja við hverskonar starfsemi til framgangs sállækninga  
innan Geðlæknafélags Íslands og í samfélaginu.

#### 5. gr.

Styrkhæf starfsemi sjóðsins er fyrst og fremst stofnun sállækningaseturs. Einnig má  
veita styrki til fyrirlestrahalds, ráðstefna, námskeiðahalds og rannsókna.

#### 6. gr.

Árlegar fjármagnstekjur sjóðsins mega ganga til styrkhæfrar starfsemi. Heimilt er stjórn  
sjóðsins að geyma úthlutun úr sjóðnum í allt að þrjú ár. Hafi árlegum fjármagnstekjum  
þriggja ára samfellt ekki verið úthlutað, skulu þær renna saman við höfuðstól sjóðsins.  
Ekki má skerða höfuðstól sjóðsins.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, þeim sömu og skipa sállækninganefnd  
Geðlæknafélags Íslands hverju sinni. Sjóðinn skal varðveita aðskilinn frá öðrum sjóðum  
Geðlæknafélags Íslands og skal hann ávaxtaður eins arðbært og mögulegt er.